



GEISLAHLÍFAR OG ÁHRIF RÖNTGENGEISLA

Upplýsingar fyrir sjúklinga

► Eru röntgengeislar skaðlegir?

Hverfandi líkur eru á að geislun í læknisfræðilegum tilgangi sé skaðleg. Vegna betri tækni hafa geislaskammtar minnkað. Notkun geislahlífa til varnar gegn geislun við myndatökur er því óþörf. Auk þess geta geislahlífar:

- Truflað tækni sem minnkar geislaskammta og jafnvel skyggt á það sem verið er að skoða
- Aukið geislun í stað þess að minnka hana

Þess er alltaf gætt að sem minnst geislun verði með því að:

- Vanda uppstillingu fyrir myndatöku
- Stilla tækin og beita nýjustu tækni

► Starfsfólk notar geislahlífar

Því endurtekin geislun við daglega vinnu getur valdið þeim skaða

► Aðstandendur nota geislahlífar

áfram, þar sem geislahlífar sem þeir bera trufla ekki rannsóknina

► Fóstur í móðurkviði

- Forðast er að beina geislum að fóstri í móðurkviði þrátt fyrir litla áhættu
- Geislahlífar gagnast ekki til að minnka geislun á fóstur og geta truflað rannsóknina

► Áhætta við geislun

Þess er alltaf gætt að ávinningur af notkun geisla sé meiri en áhættan

- Áhætta er mjög lítil miðað við ávinning
- Líkur á krabbameini aukast óverulega

► Endurteknar myndatökur

- Geislun á hvern einstakling í hverri rannsókn er lítil
- Fyrri myndatökur eru alltaf teknar með í reikninginn
- Áhætta er ávallt skoðuð í samhengi við gagnsemi

Ræddu áhyggjur þínar við starfsfólk deildarinnar
það er reiðubúið að hjálpa